

Byggðasafn Reykjanesbæjar

Ársskýrsla 2011



*Nemendur 5.bekkar fræðast um
fornleifar, í Víkingaheimum og Höfnum*



Starfsemin

Hlutverk safnastarfs er að safna, varðveita, skrá, rannsaka, miðla, veita almenningi aðgang að safnkostinum og vekja athygli á honum. Hlutverk byggðasafna er að sinna svæðisbundnu safnastarfi sveitarfélaga.

Starfsmenn safnsins á árinu voru sem hér segir: Eini fastráðni starfsmaðurinn var Sigrún Ásta Jónsdóttir forstöðumaður í 85% starfi sökum skerðingar á starfshlutfalli. Um sumarið voru ráðin ein stúlka til að sinna Stekkjarkoti, Erla Sylvía Hauksdóttir og skráningu ljósmyndasafns, Óli Þór Ásgeirsson og Heiðrún Þórðardóttir voru ráðin inn á námsmannasamningum í ýmis verkefni hjá safninu. Samningur var gerður um Félagsmálasvið bæjarins að tveir menn sem hafa lengi verið atvinnulausir kæmu í starfsþjálfun. Þetta voru Elías Friðfinnur Gunnþórsson og Ómar M. Magnússon þeir unnu hálfan daginn, Elías í 6 mánuði en Ómar í 5 mánuði, auk þess kom Guðríður Waaga frá Bókasafni í átaksverkefni í filmusafni Heimis Stígssonar.

Rekstur og styrkir

Rekstrarstaða safnsins í árslok 2011 var kr. 30.560.000 Þar af voru laun og launatengdar greiðslur alls kr. 9.060.000..

Styrkir fengust frá Safnaráði kr. 2.600.000, frá Menningarsjóði Suðurnesja kr. 1.000.000, Þjóhátíðarsjóði 700.000, Fornleifasjóði 1.200.000 og Magma energy 450.000, auk þess styrkir vegna starfsþjálfunar kr.1.028.230, aðrar tekjur voru kr. 625.000. Samtals voru styrkir kr. 6.978.230 kr en smt alls tekjur kr. 7.603.230

Helstu samstarfsverkefni

Rannsóknarverkefnið, leikir 10 ára barna, 2009.



Nemendur í Holtaskóla sem tóku þátt í rannsókninni 2009.

Forstöðumaður var formaður sýningarnefndar um farandsýningu um leiki barna, sem er samvinnuverkefni 8 safna um beitingu *samdok* aðferðarfræðinnar í safnastarfi.

Sýningin sem fékk heitið „ekki snerta jörðina“ var opnuð í Þjóðminjasafni Íslands 14. apríl og lagði hún síðan af stað í ferðlag sitt, fyrst á Eyrarbakka, þá á Barnaspítala Hringsins og í nóvember kom hún í heimsókn til Reykjanesbæjar

Sýning um „kalda-stríðið“. Forstöðumaður átti þó nokkra fundi með ráðgjöfum verkefnisins og verkefnisstjóra þess. Þar sem rætt var vítt og breitt um sýninguna og einnig um tengsl hennar við Byggðasafn Reykjanesbæjar. Allir aðilar eru sammála um að Byggðasafnið spili mikilvægu hlutverki í þessu verkefni.

Samstarf við MSS verkefnið Fjörefni sem sett var á laggirnar til aðstoðar ungu fólki í atvinnuleit. 12 nemendur komu og dvöldu í safninu samtals einn og hálfan dag, þar sem þau kynntust safnastarfi og fengu heimild til að setja upp eigin sýningu úr safnkostinum.



Tveir stoltir sýnendur

Afar fjölbreytilegar sýningar urðu til. Nemendur voru afar ánægðir með þessa heimsókn og það var fróðlegt fyrir safnstjórnann að sjá hvernig þau fóru um safnið.

Unnið var að innleiðingu stafræns myndabanka ásamt nokkrum öðrum starfsmönnum Reykjanesbæjar.

Forstöðumaður átti fund með Minjafélagi Vatnsleysustrandahrepps varðandi fyrirhugaða uppsetningu þess á sögu skóla á svæðinu. Einnig var gerður samstarfssamningur milli byggðasafnsins og leikminjasafns Íslands um að aðstoða það við varðveislu stærri muna, tímabundið meðan þau leita heppilegs húsnæðis.

Fundir og ráðstefnur

Forstöðumaður, sótti farskóla safnmanna sem haldinn var í Skagafirði dagana 5. til 7. október og sat í vinnuhóp um samvinnu og sameiningu safna.

Forstöðumaður sat fund safna á sviði þjóðminjavörslunnar sem þjóðminjavörður boðaði til og haldinn var í húsakynnum Þjóðminjasafns Íslands.

Rannsóknir og fræðsla

Á vordögum hófust að nýju fornleifarannsóknir í Höfnum. Bjarni F. Einarsson mætti ásamt starfslíði sínu og nemum í fornleifafræði við Háskóla Íslands. Nú var miðhluti skálans rannsakaður og einnig var sérstaklega skoðuð rúst í nágrenni skálans sem ekki hafði tekist að greina í fyrsta áfanga.



Bjarni F. Einarsson, fornleifafræðingur að störfum.

Að þessu sinni var allur hópurinn hýstur í safnaðarheimilinu í Höfnum en aðeins tveir til þrjár háskólanemar skráðu sig til leiks að þessu sinni.

Rannsóknin stóð yfir í 4 vikur og ýmislegt markvert kom fram. Byggðasafnið í samvinnu við fræðslufulltrúa sviðsins bauð öllum nemendum fimmta bekkjar grunnskóla Reykjanesbæjar að koma í heimsókn sem að þessu sinni var tvíþætt, annars vegar var farið í heimsókn í Víkingaheima sýningarnar þar skoðaðar og var heimsókn hugsuð sem grunnur fyrir skoðun rústasvæðisins í Höfnum, þar sem fornleifafræðingar tóku á móti nemendahópnum og sögðu frá hvað væri í gangi og svöruðu spurningum mjög áhugasamra nemenda. Heppnaðist þetta að öllu leyti vel þrátt fyrir kalsamt veður.

Bjarni F. Einarsson hefur lokið að skrifa skýrslu um rannsóknina og hefur henni verið skilað til safnsins og Fornleifaverndar ríkisins eins og lög gera ráð fyrir. Auk þess er nú lokið við forvörslu allra þeirra gripa sem komu upp í rannsókninni og þeim skilað til Þjóðminjasafns Íslands. Ráðgert er að endurnýja sýninguna í Víkingaheimum og bæta þá eitthvað af þeim gripum sem komu upp inn í hana.

Sýningar og miðlun

Víkingaheimar

Ýmsar breytingar urðu á sýningunni einkum vegna þess að senda þurfti út, árið 2010, megnið af því sem fengið var að láni frá öðrum löndum. Þá var bætt inn á neðri hæð beinum frá Hafurbjarnastöðum, bátasaum frá Hringdal á Vestfjörðum og líkani af Gauksstaðaskipinu frá Þjóðminjasafni Íslands. Byggðasafnið hafði að vanda milligöngu um lánsgrípi frá Þjóðminjasafninu. Þá sá safnið um að afhenda stein sem

safnið á eyggi Mön hafði lánað og sá um að endurraða gripum í Hafnarsýningunni en nota þurfti upprunalega skápinn undir annað.

Porrinn

Porrakistur með munum og texta um mat og matargerð til forna voru afhendar leikskólum Reykjanesbæjar. Þá gátu leikskólar fengið lykil að Stekkjarkoti í viku í senn og nýttu margir sér það, einkum á Þorranum.

Safnahelgi á Suðurnesjum

Athygli var vakin á sýningunni Völlurinn, nágranni innan girðingar, í Duushúsum. Af því tilefni afhentu nokkrir fyrrverandi og núverandi starfsmenn slökkviliðs Keflavíkurflugvallar nokkuð magn gripa, m.a. slökkvibíl sem hafði verið í Hvalfirði.

Sjómanna dagurinn í Duus

Tekið var þátt í dagskrá á sjómanna dag með stuttu erindi sem forstöðumaður flutti.

Á ljósanótt

Á sunnudeginum var opið hús í Ramma og gestum boðið að skoða safnkostinn. Fjöldi fólks nýtti sér þetta og margir dvöldu lengi í safninu.

Bókasafn, samstarfsverkefni

Farið var í samstarf við bókasafnið á Ljósanótt og sett upp sýning um Bíósögu bæjarins. Í því samhengi var haft samband við Sam-bíóin sem góðfúslega lánuðu nokkra muni auk þess sem þau höfðu milligöngu um útvegum gripa frá Kvikmyndasafni Íslands. Ólafía Ólafsdóttir hannaði sýninguna og útbjó sögusýningu í power-point. Sýningin stóð yfir Ljósanóttina og auk þess gátu gestir horft bæjarlífsmyndir sem Viðar Oddgeirsson hafði áður sýnt í bíóinu. Var mikil ánægja með hvoru tveggja.

Opið hús í Ramma, sjálfbóðaliðar og farandsýningin „ekki snerta jörðina“

Starf sjálfbóðaliða er hluti af stefnumótun safnsins um opið og virkt safn. Sjálfbóðaliðar vinna sérstök störf, eins og að greina myndir, sauma taupoka en einnig sinna þau ýmsum áhugamálum sínum varðandi varðveislu, rannsóknir minja og miðlun þeirra. Fyrsta tímabil sjálfbóðaliðans felst í að kynna safninu og vinna við hlið forstöðumanns, síðan er starf þeirra mótað eftir áhuga og getu.



Tveir útsaumsgrípir í eigu Byggðasafns Reykjanesbæjar

Stóðu sjálfboðaliðarnir ásamt með forstöðumanni að opnum degi 16. apríl þar sem áhersla var lögð á handavinnu, einkum útsaum og fatasaum. Í því samhengi var haft samband við fjölda kvenna um að koma með góða gripum til sýnis í Ramma og nokkrar þeirra hlýddu kallinu og sýndu hannyrðir sínar. Auk þess var sýndir gripir sem hafa verið að koma inn frá Skipasmíðastöð Njarðvíkur og frá Vélsmiðju Olsens í Ytri-Njarðvík.

Farandsýningin „ekki snerta jörðina“ er samstarfsverkefni nokkurra safna á Íslandi, sjá ofar um samstarfsverkefni. Í tilefni þess að sýningin kom til Byggðasafns Reykjanesbæjar var tekið fram þó nokkuð af gripum sem tengjast menningu barna. Þar mátti sjá leikföng, fatnað, húsbúnað ofl. Einnig voru lánuð til sýningarinnar heimasmiðuð leikföng. Byggðasafnið er töluvert vel sett í þessum málaflokki en þó eru göt í varðveislunni einkum er varðar aldurshópin frá 7 til 12 ára. Til dæmis er afar lítið af heimasamuðum fötum sem flest börn á þessum aldri notuðu – dagsdaglega langt fram á síðustu öld.

Gestafjöldi

Gestafjöldi: Heildarfjöldi skráðra gesta í Duushúsin var 37.132. Í húsin í Innri-Njarðvík og Stekkjarkot komu um 1000 manns og á opið hús í Ramma um 500 manns. Heildarfjöldi gesta yfir árið er 38.632.

Safnkosturinn

Munasafn BYR

Heildarfjöldi færslna í safnskrá við áramót eru 10.891 færslunúmer skráð og er það fjölgun um 750 frá síðustu áramótum. Af þessum 750 eru 287 nýskráningar. Munar þar mest um gripum frá Slökkviliði Keflavíkurflugvallar, Skipasmíðastöð Njarðvíkur og Vélsmiðju Olsens. Þó hefur ekki tekist að ljúka allri skráningu ársins 2011, einkum gripum sem hafa komið ofan af Velli í þó nokkru magni.

Við áramót var safnkostur Byggðasafnsins allur geymdur í einu varðveisluhúsi, þrem sýningarhúsum og útlán voru á þrem stöðum. Óstaðsettir færslur í safnskrá við áramót voru 1116 sem er rétt rúmlega 10% af skráðum safnkost en við síðustu áramót var þessi tala 22% hefur því mikið unnið við afstemmingu safnsins.

Við afstemmingu safnskrárinnar undanfarin ár hefur komið í ljós að eitthvað erum tvískráningu að ræða alls hafa 54 færslur verið svo skilgreindar þar af 42 á árinu 2011. Einnig hafa gripir verið skráðir án þess að hafa fundist í safninu og gæti þar verið um tvískráningu að ræða eða að hlutur hafi glatast alls hafa 67 færslur verið þannig skilgreindar þar af 54 á árinu 2011.

Afstemming safnskrárinnar er liður í yfirfærslu hennar í Sarp og vonast er til að því ljúki á árinu 2012.

Myndasafn MYR, FHS, HVO.

Myndasafninu er skipt í þrjú meginsöfn, almennt safn ljósmynda MYR, filmusafn Heimis Stígssonar, ljósmyndara, FHS og hreyfimyndasafn Viðar Oddgeirssonar, HVO.

Töluvert var um fyrirspurnir og myndabeiðnir úr söfnunum. Mikið hefur áunnist í skráningu mynda þetta árið.

Í almenna safninu voru við áramót skráðar 38.170 myndir. Að öllu leyti úr fórum safnsins og hefur rétt um 5000 númer bæst við safnskránnu.. Mjög mikil vinna er eftir við að umbúðavæða, grisja og skanna inn valdar myndir.

Í filmusafni Heimis Stígssonar eru skráðar 46.800 tölur og er það aukningu um rétt rúmlega 2000 færslunúmer. Við þetta átak er filmusafnið mikið til frágengið en eftir er að vinna safn slætumynda sem er töluvert af vöxtum. Brýnt er að hefja umbúðavæðingu safnsins og síðan að grisja og skanna inn valdar myndir..

Hreyfimyndasafn Viðars Oddgeirssonar er þrjúþætt; almennar fréttamyndir frá RÚV af svæðinu, þá íþróttafréttir og síðan hefur Viðar yfirfært gamlar filmur frá svæðinu. Nú eru um 4000 spólur í safninu. Viðar heldur sjálfur utan um skráningu og alla þjónustu úr safninu. Enda hefur safnið ekki yfir þeim tækjakosti að ráða sem til þyrfti. Í framtíðinni er hugmyndin að safnið verði á stafrænu formi og þannig aðgengilegra almenningi.

Skjalasafn Reykjanesbæjar, SKR

Hafist var handa við að byggja upp gagnagrunn fyrir Skjalasafnið, við áramót voru 722 færslur í skránni og hafði þeim fjölgað um tæplega 90 frá síðustu áramótum. Í safninu eru bæði opinber skjöl bæjarfélagsins og einnig einkaskjöl. Bæjarskjölin sem berast í safnið eru skráð í skjalavistunarkerfi bæjarins, go-pro, en einkaskjölin eru skráð í kerfi byggðasafnsins. Töluverð vinna er eftir við að flokka og skrá þessi einkaskjöl.

Reykjanesbæ 3. febrúar 2011
Sigrún Ásta Jónsdóttir